

Nefndarálit með breytingartillögu

um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna nýrrar skógræktarstofnunar
(sameining stofnana).

Frá umhverfis- og samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Sigriði Svönu Helgadóttur og Björn Helga Barkarson frá umhverfis- og auðlindaráðuneyti, Þróst Eysteinsson og Sigriði Júlíu Brynleifsdóttur frá Skógrækt ríkisins og Hrönn Guðmundsdóttur frá Landssamtökum skógar eingenda. Nefndinni bárust umsagnir um málið frá Bændasamtökum Íslands, Félagi skógarbænda á Austurlandi, Félagi skógarbænda á Suðurlandi, Landgræðslu ríkisins, Landsamtökum skógar eingenda, Landvernd, Náttúrufræðistofnun Íslands, Þorsteini Péturssyni og Guðmundi Aðalsteinssyni og sameiginleg umsögn frá Skógrækt ríkisins, Héraðs- og Austurlandsskógunum, Suðurlandsskógunum, Skjólskógunum og Vesturlandsskógunum.

Með frumvarpinu er lagt til að skógræktarstarf ríkisins, þ.e. Skógrækt ríkisins og landshlutaverkefni í skógrækt, sameinist undir eina stofnun, Skógræktina. Frumvarpið er byggt á tillögum starfshóps sem skilaði umhverfis- og auðlindaráðherra greinargerð í september sl. þar sem sameining stofnananna var lögð til. Í athugasemnum við frumvarpið kemur fram að með sameiningunni verði stjórnsýsla málaflokkars einfaldari og sterkari, framkvæmd stefnumörkunar í skógrækt verði einfaldari og margbætt samlegðaráhrif muni skapast varðandi ráðgjöf, fræðslu- og kynningarmál og þróun og eftirlit. Lagðar eru til lágmarksþreytingar á lögunum til að hægt sé að hrinda sameiningunni í framkvæmd en í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu er nú unnið að heildarendurskoðun laga um skógrækt. Í þessu frumvarpi er því ekki að finna aðrar breytingar á efnisákvæðum laganna. Nefndin hvetur til þess að vinna við endurskoðun skógræktarлага og landgræðslulaga verði hraðað og bendir á að rétt sé að fylgja þeirri vistkerfisnálgun sem ný náttúruverndarlög, nr. 60/2013, sem tóku gildi 15. nóvember sl., byggjast á, enda nái tengsl milli þeirra og fyrnefndra lagabálka.

Við umfjöllun nefndarinnar kom fram að helstu hagsmunaaðilar eru fylgjandi frumvarpinu og að gott samráð hefði verið haft við undirbúning þess. Í ljósi umsagna telur nefndin rétt að fjalla um nokkur atriði. Í 3. gr. frumvarpsins er lögð til breyting á 1. gr. laga um landshlutaverkefni í skógrækt, nr. 95/2006. Síðari málslíður greinarinnar hefur þar fallið brott án þess að það sé tilgangur frumvarpsins að fella markmið um ræktun skóga á ákveðnum hluta landsins brott. Nefndin leggur því til breytingu til að markmiðin komi áfram fram í lögunum. Í 6. gr. frumvarpsins er lögð til breyting á 5. gr. laga um landshlutaverkefni í skógrækt og kveðið á um samráð við Landssamtök skógar eingenda við ákvörðun viðmiða fyrir endurgreiðslu samþykks kostnaðar. Nefndin leggur áherslu á að um virkt samráð verði að ræða og reynsla af framkvæmd ákvæðisins verði metin við heildarendurskoðun laga um skógrækt. Í 11. gr. frumvarpsins er fjallað um réttarstöðu starfsmanna Skógræktar ríkisins og starfsmanna landshlutaverkefna í skógrækt við sameininguna. Skógrækt ríkisins er ríkisstofnun og um réttindi starfsmanna stofnunarinnar við sameiningu gilda lög um réttindi

og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996. Einstaka starfsmenn landshlutaverkefnanna kunna þó í einhverjum tilvikum að hafa annað ráðningaráform og falla því undir lög um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, nr. 72/2002. Þísáð er til laganna til að tryggja að starfsmenn tali ekki réttindum með einhverjum hætti við sameininguna.

Á síðustu árum hefur Skógrækt ríkisins í auknum mæli sinnt úrvinnslu trjáafurða auk þess að hafa umsjón með landi Skógræktarinnar auk annarra verkefna en ekki eiginlegrí ræktun skóga en umsvif Skógræktarinnar að þessu leyti munu m.a. markast af því hvernig úrvinnsla skógarbænda sjálfra á afurðum sínum mun þróast.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við efnismálgrein 3. gr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Í hverjum landshluta skal stefnt að ræktun skóga á að minnsta kosti 5% af flatarmáli láglendis neðan við 400 m yfir sjávarmáli.

Haraldur Einarsson, Birgir Ármannsson og Ásta Guðrún Helgadóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 30. maí 2016.

Höskuldur Þórhallsson,
form., frsm.

Katrín Júlíusdóttir.

Elín Hirst.

Svandís Svavarsdóttir.

Róbert Marshall.

Vilhjálmur Árnason.